

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2007/EES/44/01		Áætlunarflug á leiðunum Andenes-Bodø (báðar leiðir) og Andenes-Tromsø (báðar leiðir) (Noregur). Útboð.	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2007/EES/44/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4775 – Man/Hörmann/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2007/EES/44/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4816 – Blackstone/Hilton).	6
2007/EES/44/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4828 – Owens Corning/Saint Gobain Vetrotex)	7
2007/EES/44/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4842 – Danone/Numico).	8
2007/EES/44/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4879 – Jabil/Nokia Siemens Networks OY) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2007/EES/44/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M. 4916 GE Money / BPH) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10

2007/EES/44/08	Málsmeðferð hafin (Mál COMP/M.4734 – INEOS/Kerling)	11
2007/EES/44/09	Ríkisaðstoð – Danmörk – Málsnúmer C 22/07 (áður N 43/07) – Rýmkun reglnanna um undanþágu fyrir dönsk fyrirtæki á sviði sjóflutninga frá greiðslu tekjuskatts og félagslegum framlögum fyrir sjómenn þannig að þær taki til tiltekinnar starfsemi - Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans.	12
2007/EES/44/10	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer C 18/07 (áður N 874/06) – Þjálfunaraðstoð fyrir DHL Leipzig – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	12
2007/EES/44/11	Ríkisaðstoð – Portúgal – Málsnúmer C 30/07 (áður N 555/06) – Niðurlagning fiskmetis — Styrkur til fyrirtækisins SANTA CATARINA — INDÚSTRIA CONSERVEIRA, LDA. — Sjálfstjórnarhéraðið Asoreyjar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	13
2007/EES/44/12	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer C 26/07 (áður N 28/07) – NERES – Flugvöllurinn í Dortmund – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	13
2007/EES/44/13	Ríkisaðstoð – Írland – Málsnúmer 31/07 (áður NN 17/07) — Ríkisaðstoð til Córas Iompair Éireann Bus Companies (Dublin Bus og Irish Bus) – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	14

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Áætlunarflug á leiðunum Andenes–Bodø (báðar leiðir) og
Andenes–Tromsø (báðar leiðir)

2007/EES/44/01

(Noregur)

Útboð

1. INNGANGUR

Stjórnvöld í Noregi hafa birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 166, 7.7.2005, og EES-viðbæti nr. 34, 7.7.2005, ákvæði um almannaþjónustukvaðir í áætlunarflugi innanhéraðs á leiðunum Andenes–Bodø (báðar leiðir) og Andenes–Tromsø (báðar leiðir) í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.

Stjórnvöld í Noregi hafa ákveðið að auglýsa nýtt útboð á áætlunarflugi innanhéraðs á leiðunum Andenes–Bodø (báðar leiðir) og Andenes–Tromsø (báðar leiðir) frá 1. janúar 2008. Sömu kröfur gilda og mælt er fyrir um í orðsendingu Eftirlitsstofnunar EFTA frá árinu 2005.

Hafi enginn flugrekandi sent samgönguráðuneytinu skriflegt erindi áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að tilboðsfrestur rann út (sbr. 6. lið) til staðfestingar á því að hann hyggist hefja áætlunarflug 1. janúar 2008 í samræmi við breyttar almannaþjónustukvaðir sem hvíla á útboðsleiðunum samkvæmt 2. lið þessarar tilkynningar, mun ráðuneytið láta fara fram útboð í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2408/92 og takmarka þannig starfsemi á leiðinni, sem um getur í 2. lið, við aðeins einn flugrekanda frá 1. janúar 2008.

Tilgangurinn með þessari útboðsauglýsingu er að fá fram tilboð sem byggja má á þegar slíkt sérleyfi er veitt.

Helstu atriði útboðsskilmálanna eru birt hér á eftir. Heildartexta útboðsauglýsingarinnar er að finna á eftirfarandi slóð: <http://www.regjeringen.no/nb/dep/sd/dok/andre/Anbud.html>,

en hann fæst einnig endurgjaldslaust hjá samgönguráðuneytinu:

Samferdselsdepartementet
Postboks 8010 Dep.
N-0030 OSLO
NORWAY

Sími: + 47 22 24 83 53
Bréfasími: + 47 22 24 56 09

Öllum bjóðendum er skylt að kynna sér útboðsauglýsinguna í heild.

2. ÞJÓNUSTA SEM ÚTBODIÐ TEKUR TIL

Útboðið varðar áætlunarflug sem reka skal á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. mars 2009 í samræmi við almannaþjónustukvaðirnar sem um getur í 1. lið. Útboðið tekur til eftirfarandi flugsvæðis:

Flugsvæði 2

Andenes–Bodø (báðar leiðir), Andenes–Tromsø (báðar leiðir)

Ef flugrekandi leggur fram tilboð án þess að krefjast endurgjalds verður það túlkað sem ósk flugrekanda um heimild til að reka flugleiðina með sérleyfi en án endurgjalds frá norska ríkinu.

3. RÉTTUR TIL AÐ GERA TILBOÐ

Öllum flugrekendum með gilt flugrekstrarleyfi samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum er heimilt að gera tilboð.

4. ÚTBOÐSTILHÖGUN

Útboðið fellur undir ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92, liðanna d–i, og 4. gr. norskrar reglugerðar nr. 256 frá 15. apríl 1994 um útboðstilhögun í tengslum við almannajónustukvaðir til framkvæmdar 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92.

Innkaupin fara fram í opnu útboði.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að leita eftir samningum í kjölfar útboðsins berist aðeins eitt tilboð áður en tilboðsfresturinn rennur út eða sé öllum tilboðum nema einu vísað frá. Slíkir samningar skulu vera í samræmi við áhvílandi almannajónustukvaðir. Í slíkum samningum er aðilum jafnframt óheimilt að gera umtalsverðar breytingar á upphaflegum útboðsskilmálum. Ef samningarnir leiða ekki til viðunandi niðurstöðu áskilur samgönguráðuneytið sér rétt til að aflýsa útboðinu í heild sinni. Er þá heimilt að birta nýja útboðslýsingu með nýjum skilmálum.

Ef engin tilboð berast getur samgönguráðuneytið ákveðið innkaup með samningum án þess að auglýsa það fyrirfram. Er þá óheimilt að gera umtalsverðar breytingar á upphaflegum almannajónustukvöðum eða öðrum samningsskilmálum.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum ef gildar ástæður til þess koma fram í kjölfar útboðsins.

Tilboð eru bindandi fyrir bjóðendur þar til framkvæmd útboðs er lokið eða samningur hefur verið gerður.

5. TILBOÐ

Tilboð skulu sett fram í samræmi við ákvæði 5. liðar útboðsskilmálanna, að meðtöldum ákvæðum um almannajónustu.

6. TILBOÐSFRESTUR OG FRAMLAGNING TILBOÐA

Frestur til að leggja fram tilboð er til mánudags 22. október 2007 kl. 15:00 (að staðartíma). Tilboðin verða að berast samgönguráðuneytinu á pósthöfund, sem um getur í 1. lið, áður en tilboðsfrestur er liðinn.

Tilboð skulu annaðhvort afhent í afgreiðslu samgönguráðuneytisins eða send með pósti eða boðsendingu.

Tilboðum sem berast of seint verður vísað frá. Berist tilboð eftir að tilboðsfrestur rennur út, en áður en tilboð eru opnuð, verður þeim þó ekki vísað frá ef ljóst þykir að þau hafi verið send nógu snemma til að berast fyrir tilsettan tíma við eðlilegar ástæður. Kvittun fyrir afhendingu sendingar gildir sem staðfesting á afhendingu og afhendingartíma.

Tilboðum skal skila í þremur (3) eintökum.

7. GERÐ SAMNINGS

- 7.1 Að jafnaði skal taka því tilboði sem felur í sér lægst endurgjald. Samningur verður gerður á grundvelli þess tilboðs sem felur í sér lægst endurgjald fyrir samningstímann frá 1. janúar 2008 til 31. mars 2009 í heild.
- 7.2 Ef ókleift er að velja milli tilboða vegna þess að jafnhás endurgjalds er krafist í tveimur eða fleiri tilboðum skal tekið því tilboði, eða þeirri samsetningu tilboða þar sem við á, þar sem flest sæti eru í boði á samningstímanum í heild.

8. SAMNINGSTÍMI

Samningstíminn verður frá 1. janúar 2008 til 31. mars 2009. Samningi verður ekki sagt upp nema í þeim tilvikum sem getið er í samningsskilmálunum, sbr. 11. lið.

9. ENDURGJALD

Flugrekandi á rétt til endurgjalds frá samgönguráðuneytinu í samræmi við samninginn sem gerður er í kjölfar útboðsins. Endurgjaldið skal tilgreint fyrir samningstímann í heild.

Endurgjaldið skal ekki leiðrétt samkvæmt neyslúvísitölu á samningstímanum.

Endurgjald skal haldast óbreytt þótt sætaframboð sé aukið eða minnkað í samræmi við ákvæði annarrar málsgreinar liðar 5.1 í samningsskilmálunum.

Gerður er sá fyrirvari að endurgjaldið rúmist innan fjárveitingar samgönguráðuneytisins í samþykktum fjárlögum Stórþingsins.

Flugrekandi skal halda eftir öllum tekjum af starfseminni. Verði tekjur meiri eða útgjöld minni en gert var ráð fyrir í kostnaðaráætluninni skal flugrekandi njóta þess. Á sama hátt er samgönguráðuneytinu ekki skylt að mæta halla sem kann að verða á kostnaðaráætluninni.

Flugrekanda er skylt að greiða öll opinber gjöld, þar með talin flugrekstrargjöld.

Með fyrirvara um hugsanlegar skaðabótakröfur skal endurgjaldið lækkað í hlutfalli við heildarfjölda flugferða sem aflýst er af ástæðum sem rekja má beint til flugrekanda, enda sé þar um að ræða meira en 1,5% af fyrirhuguðum fjölda flugferða á rekstrarárinu samkvæmt samþykkttri áætlun.

10. ENDURSKOÐUN SAMNINGS

Ef efnislegar eða ófyrirséðar breytingar verða á forsendum samningsins á samningstímanum er báðum aðilum heimilt að óska eftir viðræðum um endurskoðun samningsins. Óska um slíkt verður að koma fram eigi síðar en þremur mánuðum eftir að slíkar breytingar verða.

Efnislegar breytingar á opinberum gjöldum, sem flugrekanda ber að greiða, eru ávallt gild ástæða til endurskoðunar samnings.

Ef ný ákvæði í lögum eða reglugerðum, eða reglum Flugmálastjórnar, raska forsendum flugrekanda um notkun flugvallar skulu samningsaðilar leitast við að ná samkomulagi um breytingar á samningnum til þess að gera flugrekanda kleift að halda rekstrinum áfram til loka samningstímans. Náist ekki samkomulag öðlast flugrekandi rétt til bóta samkvæmt reglum um rekstrarstöðvun eða lokun (sbr. 11. lið) eftir því sem við á.

11. UPPSÖGN SAMNINGS VEGNA SAMNINGSBROTTS EÐA ÓFYRIRSÉÐRA BREYTINGA Í MIKILVÆGUM ATRIÐUM

Með fyrirvara um ákvæði gjaldþrotalaga er samgönguráðuneytinu heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust ef flugrekandi kemst í greiðsluþrot, hefur skuldajöfnunarmál, verður gjaldþrota eða kemst í einhverja aðra stöðu af því tagi sem um er fjallað í annarri málsgrein 14. gr. norskrar reglugerðar nr. 256 frá 15. apríl 1994 um útboðstillögum í tengslum við almannahjónustukvaðir.

Samgönguráðuneytinu er heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust ef flugrekandi missir flugrekstrarleyfi sitt eða fær það ekki endurnýjað.

Nú hefur flugrekandi verið ófær um að fullnægja skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum í meira en fjóra mánuði á næstliðnum sex mánuðum, af óviðráðanlegum ástæðum eða af öðrum sökum sem eru ekki í valdi hans, og er báðum aðilum þá heimilt að segja samningnum upp skriflega með eins mánaðar fyrirvara.

Nú er flugvelli lokað samkvæmt ákvörðun Stórþingsins eða Flugmálastjórnar og falla venjulegar skuldbindingar samningsaðila þá niður um leið og rekstur flugvallarins stöðvast eða honum er lokað í raun.

Nú líður lengri tími en eitt ár frá því að flugrekanda er fyrst tilkynnt að rekstur flugvallar verði stöðvaður eða honum lokað og þar til rekstur stöðvast eða vellinum er lokað í raun og öðlast hann þá ekki rétt til bóta vegna taps í kjölfar uppsagnar á samningnum. Ef þessi tími er styttri en eitt ár öðlast flugrekandi rétt til bóta sem nægja til að færa fjárhagsstöðu hans í sama horf og verið hefði ef rekstri hefði verið haldið áfram í eitt ár eftir að honum var tilkynnt að rekstur flugvallarins yrði stöðvaður eða honum lokað, þó aðeins til 31. mars 2009 ef sá dagur er fyrr.

Nú vanefnir samningsaðili samninginn í mikilvægum atriðum og er hinum samningsaðilanum þá heimilt að segja honum upp fyrirvaralaust.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2007/EES/44/02

(Mál COMP/M.4775 MAN/Hörmann/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. september 2007 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu, þar sem þýsku fyrirtækin Man Nutzfahrzeuge Aktiengesellschaft („MN“), sem tilheyrir samstæðunni MAN-group Aktiengesellschaft, („MAN“) og Hörmann Industrie Beteiligungs („Hörmann“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu Hörmann Automotive Components („HAC“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - MAN: atvinnuökutæki, dísilhreyflar, hverfihreyflar (turbo engines), þjónusta tengd iðnaði, verkfræðiþjónusta og byggingaverkfræði
 - Hörmann: rafmagns-, véla- og byggingaverkfræði, fjarskiptaverkfræði og skyld þjónusta;
 - HAC: framleiðsla á hlutum og íhlutum í vörubifreiðar.
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 217, 15. september 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4775 – MAN/Hörmann/JV, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4816 Blackstone/Hilton)**

2007/EES/44/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. september 2007 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Blackstone Group L.P. („Blackstone“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu Hilton Hotels Corporation („Hilton“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Blackstone: eignastýring og fjármálaráðgjöf
 - Hilton: eignarhald, stjórnun og þróun hótela, dvalarstaða og skiptileigufasteigna og framleiga á leiguhúsnæði.
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 221, 21. september 2007). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32(0)22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M. 4816 — Blackstone/Hilton, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4828 - Owens Corning / Saint Gobain Vetrotex)

2007/EES/44/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. september 2007 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Owens Corning („OC“) öðlast með eignakaupum yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, yfir hluta af starfsemi franska fyrirtækisins Compagnie de Saint Gobain („Saint Gobain Vetrotex“) á sviði glertrefjastyrkinga og samsettra efna.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Owens Corning: framleiðsla og sala á byggingarefnum og glertrefjastyrkingum;
 - Saint Gobain Vetrotex: framleiðsla og sala á glertrefjastyrkingum og samsettum efnum.
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 217, 15. september 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti með tilvísuninni COMP/M.4828 – Owens Corning / Saint Gobain Vetrotex, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4842 – Danone/Numico)**

2007/EES/44/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. september 2007 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Grupe Danone S.A. („Danone“) óðlast með yfirtökuboði yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, yfir hollenska fyrirtækinu Royal Numico N.V. („Numico“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Danone: Framleiðsla, markaðssetning og sala á ferskum mjólkurvörum, átöppuðu vatni, kexi og morgunkorni, sem og barnamat og mjólkurblöndum fyrir börn;
 - Numico: Framleiðsla, markaðssetning og sala á barnamat og klínískum næringarblöndum.
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 221, 21. september 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4842 – Danone/Numico á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2007/EES/44/06****(Mál COMP/M.4879 - JABIL/NOKIA SIEMENS NETWORKS OY)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. september 2007 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Jabil Circuit Inc. („Jabil“) öðlast með hlutafjárkaupum full yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, yfir tveimur dótturfyrirtækjum Nokia Siemens Networks Oy („tvö ítölsk dótturfyrirtæki NSN“) á Ítalíu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Jabil: Hönnun, framleiðsla og tengd þjónusta við lausnir á sviði rafeindavöru;
 - tvö ítölsk dótturfyrirtæki NSN: Framleiðsla á búnaði fyrir móðurstöðvar til örbylgjusendinga og þráðlausra sendinga.
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 220, 20. september 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/ M.4879 - JABIL/NOKIA SIEMENS NETWORKS OY, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Case No. Mál COMP/M.4916 GE Money / BPH)

2007/EES/44/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 13.september 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið GE Money, sem er undir yfirráðum General Electric Company („GE“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í pólsku fyrirtækjunum Bank BPH S.A. („BPH“) og BPH Towarzystwo Funduszy Inwestycyjnych SA. („BPH TFI“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - GE: ýmis konar framleiðsla, tækni og þjónusta
 - GE Money: banka- og lánaþjónusta
 - BPH: bankaþjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
 - BPH TFI: eignastýring
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 217, 15. september 2007. Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4916 GE Money /BPH á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Málsmeðferð hafin
(Mál COMP/M.4734 INEOS/Kerling)

2007/EES/44/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. september 2007 að hefja málsmeðferð í fyrrnefndu máli eftir að hafa komist að niðurstöðu um að verulegur vafi leikur á að tilkynnt samfylking samrýmist hinum sameiginlega markaði. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á hinni tilkynntu samfylkingu og er með fyrirvara um lokaákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Til að hægt sé að taka til hlítar mið af athugasemdunum við málsmeðferðina verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. ESB C 217, 15.9.2007 Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4734 – INEOS/KERLING, á eftirfarandi pósthfang:

Commission of the European Communities
Competition DG
Merger Registry
Rue Joseph II/Jozef II-sstraat 70
B-1000 Bruxelles/Brussel

Ríkisaðstoð — Danmörk**2007/EES/44/09****Málsnúmer C 22/07 (áður N 43/07) — Rýmkun reglnanna um undanþágu fyrir dönsk fyrirtæki á sviði sjóflutninga frá greiðslu tekjuskatts og félagslegum framlögum fyrir sjómenn þannig að þær taki til tiltekinnar starfsemi****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna ofangreindrar ríkisaðstoðar, sjá [Stjtið. ESB 213, 12.9.2007](#).

Framkvæmdastjórnin tilkynnir EES-ríkjunum og öðrum hagsmunaaðilum hér með um þessa ráðstöfun svo að þau geti sent athugasemdir sínar um hana innan eins mánaðar frá því að þessi tilkynning birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* á eftirfarandi pósthfang:

Directorate-General for Energy and Transport
Directorate A — Unit 4
B-1049 Brussel/Bruxelles
Bréfasími: + 32 (0) 22 96 41 04

Athugasemdir verður komið á framfæri við Konungsríkið Danmörk. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð — Þýskaland**2007/EES/44/10****Málsnúmer C 18/07 (áður N 874/06) — Þjálfunaraðstoð fyrir DHL Leipzig****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna ofangreindrar ríkisaðstoðar, sjá [Stjtið. ESB 213, 12.9.2007](#).

Framkvæmdastjórnin tilkynnir EES-ríkjunum og öðrum hagsmunaaðilum hér með um þessa ráðstöfun svo að þau geti sent athugasemdir sínar um hana innan eins mánaðar frá því að þessi tilkynning birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Greffe
Rue de la Loi/Wetstraat, 200
B-1049 Brussel/Bruxelles
Bréfasími: + 32 (0) 22 96 12 42

Athugasemdir verður komið á framfæri við Þýskaland. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð — Portúgal**2007/EES/44/11****Málsnúmer C 30/07 (áður N 555/06) — Niðurlagning fiskmetis — Styrkur til fyrirtækisins SANTA CATARINA — INDÚSTRIA CONSERVEIRA, LDA. — Sjálfstjórnarhéraðið Asoreyjar****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna ofangreindrar ríkisaðstoðar, sjá [Stjtið. ESB 215, 14.9.2007](#).

Framkvæmdastjórnin tilkynnir EES-ríkjunum og öðrum hagsmunaaðilum hér með um þessa ráðstöfun svo að þau geti sent athugasemdir sínar um hana innan eins mánaðar frá því að þessi tilkynning birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate General for Fisheries
DG FISH/D/3 'Legal Issues'
B-1049 Brussel/Bruxelles
Bréfasími: + 32 (0) 22 95 19 42

Athugasemdir verður komið á framfæri við Lýðveldið Portúgal. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð — Þýskaland**2007/EES/44/12****Málsnúmer C 26/07 (áður NN 28/07) — NERES — Flugvöllurinn í Dortmund****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna ofangreindrar ríkisaðstoðar, sjá [Stjtið. ESB C 217, 15.9.2007](#).

Framkvæmdastjórnin tilkynnir EES-ríkjunum og öðrum hagsmunaaðilum hér með um þessa ráðstöfun svo að þau geti sent athugasemdir sínar um hana innan eins mánaðar frá því að þessi tilkynning birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Energy and Transport
Directorate A
B-1049 Brussel/Bruxelles
Bréfasími: + 32 (0) 22 96 41 04

Athugasemdir verður komið á framfæri við Þýskaland. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð — Írland**2007/EES/44/13****Málsnúmer 31/07 (áður NN 17/07) — Ríkisaðstoð til Córas Iompair Éireann Bus Companies (Dublin Bus og Irish Bus)****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna ofangreindrar ríkisaðstoðar, sjá [Stjtið. ESB C 217, 15.9.2007](#).

Framkvæmdastjórnin tilkynnir EES-rikjunum og öðrum hagsmunaaðilum hér með um þessa ráðstöfun svo að þau geti sent athugasemdir sínar um hana innan eins mánaðar frá því að þessi tilkynning birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Energy and Transport
Directorate A — General Affairs and Resources
Unit A4: Internal Market and Competition
Rue De Mot 28
B-1040 Brussel/Bruxelles
Bréfasími: + 32 (0) 22 96 41 04

Athugasemdum verður komið á framfæri við Írland. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.